

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2023, föstudaginn 10. mars, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 4/2023:

Knattspyrnufélag Vesturbæjar
gegn
Knattspyrnusambandi Íslands

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélag Vesturbæjar
kt. 580906-1330
Framnesvegi 42, 101 Reykjavík
Fyrirsvarsmáður: Stefán Karl Kristjánsson

Kærði:

Knattspyrnusamband Íslands
kt. 700169-3679
Laugardalsvelli, 104 Reykjavík
Fyrirsvarsmáður: Klara Bjartmarz

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands („KSÍ“) 24. febrúar 2023. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 27. febrúar. Greinargerð barst frá kærða þann 6. mars sl.

Þann 6. mars var, með vísan til gr. 6.4 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál, Ægi, Kórdrengjum, KFG, Hvíta Riddaranum, Hamar og Álfoss, sem félögum er kunna að hafa hagsmuni af niðurstöðu málsins send afrit af kæru ásamt gögnum málsins og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í málinu innan þriggja daga. Bárust svör frá Hvíta Riddaranum og Ægi innan frestsins.

Kröfur:

Eftirfarandi kröfur eru hafðar uppi af hálfu kæranda:

- i) KV krefst þess að unnið eftir réttum reglugerðum KSÍ um knattspyrnumót og verkferlar við úrskurð á þátttökuneitun Kórdrengja sé afgreidd með viðeigandi hætti en ekki með geðþóttaákvörðun stjórnar á einum stjórnarfundum tiltekinn laugardag 17. febrúar sl.
- ii) Að KV fái réttmætan möguleika á sæti í Lengjudeild karla tímabilið 2023 með vísan í reglugerð 23.1.12. C

- iii) Skaðabótakröfur á hendur KSÍ vegna tekjutaps á að missa réttmætt sæti sitt í Lengjudeild sumarið 2023 með þessum hætti.

II.

Ekki er ágreiningur milli aðila um málavexti og verða þeir eingöngu reifaðir stuttlega.

Þann 8. nóvember 2022 skiluðu Kórdrengir inn staðfestingu um þátttöku í Íslandsmóti meistaraflokks karla 2023 og Lengjubikarnum 2023 á þar til gerðu eyðublaði. Um leið var félagið minnt á að þátttökutilkynningar í landsmót skyldu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Óundirrituð tilkynning Kórdrengja um þátttöku í Íslandsmóti og mjólkurbikar barst KSÍ 14. janúar 2023. Í kjölfar þess var óskað eftir því við Kórdrengi að félagið sendi inn tilkynningu sína undirritaða. Undirrituð þátttökutilkynning barst frá Kórdrengjum 7. febrúar 2023. Í þátttökutilkynningu Kórdrengja var Kaplakrikavöllur tilgreindur sem heimavöllur félagsins. Við eftirgrennslan barst skrifstofu KSÍ bréf frá knattspyrnudeild FH þann 16. febrúar sl. þar sem fram kom Kórdrengir myndu ekki spila á Kaplakrikavelli í sumar.

Með tölvupósti til Kórdrengja þann 16. febrúar var félagið upplýst um að FH hefði tilkynnt skrifstofu KSÍ um að Kórdrengir væru ekki með heimavöll á Kaplakrikavelli líkt og fram kæmi í þátttökutilkynningu Kórdrengja. Samkvæmt því væri félagið ekki með leikvöll fyrir keppnistímabilið 2023. Kórdrengjum var gefið tækifæri á að tilkynna skrifstofu KSÍ um nýjan leikvöll sem uppfyllti vallarleyfi í keppni í Lengjudeild karla fyrir kl. 12:00 þann 17. febrúar. Var félaginu gerð grein fyrir því að ekki yrði tilkynnt um nýjan leikvöll innan frestsins þá yrði þátttökutilkynning Kórdrengja ekki tekin til greina skv. grein 13.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Ekki bárust upplýsingar frá Kórdrengjum um nýjan leikvöll innan fyrrgreinds frest.

Á fundi stjórnar KSÍ 18. febrúar 2023 var tekin ákvörðun um taka þátttökutilkynningu Kórdrengja ekki til greina vegna keppnistímabilsins 2023 með vísan til greina 13.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Kórdrengir hefðu ekki tilkynnt KSÍ um leikvöll fyrir mót sumarsins þrátt fyrir beiðni þar um. Var ákvörðun stjórnar birt á heimasíðu sambandsins sama dag. Ákveðið var með vísan til greinar 23.1.11 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að Knattspyrnufélagið Ægir flyttist í Lengjudeild karla í stað Kórdrengja.

III.

Af hálfu kæranda er byggt á að höfnun KSÍ á þátttökuleyfi Kórdrengja geti ekki gerst með öðrum hætti á þessum tímapunkti nema á þeim forsendum að þeir standist ekki leyfiskerfi KSÍ fyrir knattspyrnumót sumars 2023. Það standi skýrt í reglugerðum KSÍ (23.1.12 C) og því skuli veita KV sæti Kórdrengja þar sem KV hafi endað í 11. sæti í Lengjudeild árið áður.

Stjórn KSÍ geti með engu móti afturkallað lögsmæta þátttökutilkynningu Kórdrengja með einum stjórnarfundum á hádegi laugardagsins 17. febrúar sl. án þess að leggja fram skýr ákvæði um hvers vegna og við hvaða reglugerð sé stutt með skýrum og greinargóðum hætti. KSÍ hafi farið á ská við sínar eigin reglugerðir og hafi dæmt þátttökutilkynningu Kórdrengja ólögsmæta og borið fyrir sig grein 13.4 reglugerð reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót án þess að tilgreina hvað sé þar sem hafi gert þátttökutilkynningu Kórdrengja ólögsmæta. Þessi ákvörðun KSÍ er fordæmisgefandi og ekki hafi þessi vinnubrögð á svo veigamiklu máli knattspyrnusambandinu til mikils sóma.

Úr frétt sem birt er á heimasíðu KSÍ 18. febrúar sl. segir:

Mótanefnd KSÍ fundaði á föstudag um stöðu Kórdregja og knattspyrnumóta sumarsins 2023 og stjórn KSÍ fundaði um málið í dag, laugardag. Stjórn KSÍ hefur ákveðið að taka þátttökutilkynningu Kórdregja ekki til greina og byggir ákvörðun sína á grein 13.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kórdregir hafi lagt fram þátttökutilkynningu í Íslandsmót eins og hvert annað lið sem tekur þátt í, það sé enginn munur á þátttökutilkynningu KR, KV, FH og Kórdregja o.s.v.frv. Engar útskýringar hafi verið gefnar af stjórn KSÍ hvers vegna 13.4 hafi verið virkjuð aðrar en þær að stjórn KSÍ hafi ekki tekið þátttökutilkynningu þeirra til greina. Þar hafi verið sagt að mótanefnd hafi fundað um málið á tilteknum degi og ákveðið að taka ekki þátttökutilkynningu Kórdregja til greina og byggt á grein 13.4. um knattspyrnumót. Engar fundargerðir hafa verið birtar um tiltekin stjórnarfund eða á hvaða forsendum ákvörðunin er tekin.

Eftir fréttatilkynningu sambandsins höfðu forsvarsmenn KV samband við KSÍ leit að útskýringum á hvað hafi gengið á og með hvaða hætti stjórn KSÍ tekur þessa ákvörðun og á hverju hún er byggð og voru svör KSÍ frá þeim Birki og Hauki að það hafi verið vegna þess hvaða leikvöll Kórdregir tilkynntu sem sinn heimavöll. Kaplakriki. Þrátt fyrir það Lengjudeild karla hafi verið birt á vef KSÍ með heimavelli Kórdregja, Kaplakrika skráðan sem þeirra heimavöll. Svo ætla má að litlar athugasemdir voru gerðar á þeim tíma við þátttökutilkynningu Kórdregja.

Í símtali sem Birkir hafi átt við formann KV hafi Birkir tjáð honum að forsvarsmenn Ægis hefðu nokkrum sinnum haft samband við sig og reynt að fá nánari svör um stöðu mála Kórdregja með það í augljósri von að sækjast eftir sæti Kórdregja. Enginn forsvarsmáður KV hafði samband við KSÍ á þessum tíma frá því að Kórdregir skrá sig til leiks og þangað til stjórn KSÍ hafi dæmt þátttökutilkynningu þeirra ólögmeti. Þess megi geta að haft er eftir formanni KV í fjölmiðlum að hann vonist til þess að Kórdregir klári sín mál og að þeir spili verðskuldað í Lengjudeild sumarið 2023.

Það var ekki fyrr en degi áður en frétt KSÍ var birt að þátttökutilkynning Kórdregja væri ólögmet með vísan í frétt þeirra á vef KSÍ. Á sama tíma og þetta hafi verið að gerast séu gagnaskil vegna leyfiskerfis hjá félögum í efstu tveimur deildum karla í fullum gangi. KSÍ tjáir forsvarsmönnum KV að Kórdregir séu ekki að standa skil á þeim gögnum sem óskað er eftir í leyfiskerfinu, hvorki fyrir né eftir tilsettar dagsetningar. Þetta séu þau gögn sem félög skila til KSÍ og skera úr um hvort félög fái þátttökurétt í mótum sumarsins innan leyfiskerfis KSÍ. Þarna séu öll félög í efstu tveimur deildum karla þar með talin Kórdregir á þessum tímamarki og enginn munur á kröfum þeirra og annara félaga innan leyfiskerfis KSÍ. Við þetta megi áætla að Kórdregir myndu ekki standast leyfiskerfi KSÍ og þá sé það ekki stjórnar að ákvarða á einum fundi hvort þátttökutilkynning Kórdregja skuli vera dæmd ólögleg. Einnig sé hvergi í reglugerðum KSÍ að ef stjórn KSÍ taki slíka ákvörðun, hvaða lið skuli þá fá sæti þess liðs sem vikið er af velli. Það er KSÍ ekki heimilt að stjórn KSÍ skuli nýta sér reglugerð 13.4. um knattspyrnumót og gera upp ólögmeti þátttökutilkynningu þegar engar athugasemdir voru birtar við völl Kórdregja þegar mótið var birt á vef KSÍ. Ef félög standast ekki leyfiskerfi er þeim meinud þátttaka og við það virkist reglugerð 23.1.12 C.

KV telur á sér brotið og að stjórn KSÍ sé einfaldlega ekki að fylgja þeim reglugerðum sem fram ber að fylgja. Stjórn KSÍ geti ekki hist á einum hádegisfundi á laugardegi og með einu pennastriki afturkallað þátttökutilkynningu eins félags og með því veitt öðru liði óréttláta þátttöku þess í stað með vísan í eina reglugerð sem er algerlega órökstudd. Fram að því hafi mál Kórdregja ekki komið fram á einum einasta stjórnarfund skv. fundargerðum sambandsins. KV telur að hér hafi einfaldlega verið að skautað framhjá þeirri staðreynd að Kórdregir séu að falla á leyfiskerfi KSÍ

og fá því ekki heimild til þátttöku á Íslandsmóttinu 2023. Engum gögnum inn í leyfiskerfi KSÍ hefur verið skilað inn af Kórdregjum. Það má því ætla að þeir muni falla á tilteknu leyfiskerfi og við því eru viðurlög í reglugerðum KSÍ. Reglugerð 23.1.12 C fjalli einmitt um þá stöðu.

IV.

Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku og barst svar þann 6. mars sl.

Af hálfu kærða er aðallega gerð krafa um frávísun málsins á þeim grunni að kröfugerð kæranda sé svo óskýr að ekki verði lagður á hana úrskurður, sbr. áskilnað greinar 6.2(d) í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Af hálfu kærða er byggt á því að fyrsti kröfuliður sé óskýr en snúi að því virðist að því að halda uppi hagsmunum Kórdregja og hafa uppi kröfur fyrir þeirra hönd en það sé ekki á færi kæranda. Þá bendir kærði á að annar kröfuliður sé jafnframt óákveðin og óskýr en að öðru leyti sama marki brenndur og fyrsti kröfuliður.

Þá gerir kærði athugasemd við að kærðu sé ekki beint að Ægi og mögulega öðrum félögum í öðrum deildum sem málið hefði áhrif og því beri að vísa málinu frá með vísan til dóms áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 3/2020.

Kærði byggir enn fremur á að þriðji kröfuliður sé óákveðin og óskýr og það falli utan valdsviðs aga- og úrskurðarnefndar að mæla fyrir um skaðabætur.

Til vara er þess krafist af hálfu kærða að kröfum kæranda verði hafnað.

Byggir kærði á því að sú ákvörðun að hafna þátttökutilkynningu Kórdregja og ákveða að Ægir flyttist í Lengjudeild karla í stað Kórdregja hafi verið í fullu samræmi við lög og reglugerðir KSÍ.

Byggir kærði á því að sú ákvörðun að hafna að taka til greina þátttökutilkynningu Kórdregja samkvæmt gr. 13.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og skrá þá úr öllum mótum sumarsins 2023 hafi falið í sér frávísun úr keppni í skilningi fyrsta málsliðar gr. 23.1.11 í sömu reglugerð. Það hafi því ekki verið um að ræða afleiðingu þess að þátttökuleyfi var ekki veitt eða það dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ. Hafi Kórdreggir enda felld sig við ákvörðun KSÍ, ekki mótmælt henni og ekki beitt sér fyrir því að stilla upp liði og spila í 2. deild.

Af hálfu kærða er enn fremur vísað til gr. 18.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumóti en þar segir að uppfylli leikvöllur félags ekki kröfu um lágmarksstærð skuli umsókn þess um þátttöku í mótum á vegum KSÍ hafnað. Í þátttökutilkynningu, skv. gr. 13.4 í sömu reglugerð, sé því gerð krafa um að félög tilgreini heiti og gerð heimavallar. Þá komi fram í gr. 13.4 að þátttökutilkynningar verði ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar. Af framangreindum ákvæðum leiði að hafna verði umsókn um þátttöku ef félag hefur ekki yfir að ráða leikvelli sem uppfyllir kröfur um lágmarksstærð skv. gr. 7.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga til að tilgreina í þátttökutilkynningunni.

Í þátttökutilkynningu Kórdregja hafi Kaplakrikavöllur, sem er heimavöllur FH, verið tilgreindur sem heimavöllur félagsins. Þegar borið var undir FH hvort Kórdreggir hefðu heimild til að leika á vellið hafi því verið svarað neitandi. Kórdregjum hafi í framhaldi verið veittur frestur til að tilkynna kærðu um nýjan leikvöll en slík tilkynning hafi ekki borist. Umsókn Kórdregja um

Þátttöku í Íslandsmóti og mjólkurbíkar hafi því verið hafnað í samræmi við gr. 13.4 og 18.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Við aðstæður sem þessar, þegar liði er vísað úr keppni í Íslandsmóti sé almenna reglan að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjist upp um deild, sbr. fyrsti og annar málsliður gr. 23.1.11 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og því hafi kærði tekið þá ákvörðun að Ægir, sem lent hafði í 3. sæti 2. deildar árið 2022, flyttist í Lengjudeild karla í stað Kórdrengja.

Þá bendir kærði á að það sé ekki á færi stjórnar kærða að hafna þáttökuleyfi Kórdrengja á grundvelli leyfiskerfis KSÍ, heldur sé slíkt á forræði sérstaks leyfisráðs sambandsins. Kórdrengir hafi ekki skilað inn tilskildum leyfisgögnum vegna leyfiskerfis KSÍ innan tilgreinds frests (né eftir hann) og því hafi aldrei komið til álita að vísa Kórdrengjum úr keppni í Íslandsmóti á þeim grundvelli að þeir fengu „ekki viðeigandi stig af þáttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ“, sbr. orðalag gr. 23.1.12 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem kærandi byggir á.

Kærði byggir á að gr. 23.1.12 sé undantekning frá meginreglu annars málsliðar gr. 23.1.11 og því beri að skýra hana þröngt og hún taki eingöngu til þeirra tilvika þegar félag fær ekki viðeigandi stig af þáttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ.

V.

Með tölvupósti, dags. 6. mars sl. var Ægi, Kórdrengjum, KFG, Hvíta Riddaranum, Hamar og Álfoss gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum.

Svar barst frá Hvíta Riddaranum innan frests þar sem m.a. kom fram að félagið væri nú búið að miða allt skipulag sitt við að spila í 3. deild í stað 4. deildar og það yrði dýrt og erfitt fyrir félagið ef það yrði aftur fært í 4. deild.

Þá barst svar frá Ægi sem styður og samþykkri röksemdir er koma fram í greinargerð kærða og telur félagið rétt að miða við almennu regluna í gr. 23.1.11 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

VI.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur kærandi uppi kröfur í þremur liðum gagnvart kærða KSÍ er snúast með einum eða öðrum hætti að þeirri ákvörðun stjórnar KSÍ 18. febrúar 2023 að hafna þáttökutilkynningu Kórdrengja í Íslandsmóti meistaraflokks karla 2023 og Lengjubikarnum 2023 og með hvaða hætti sæti Kórdrengja í Lengjudeild karla tímabilið 2023 var úthlutað í kjölfarið.

Í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er í gr. 6.2 fjallað um þær formkröfur sem gerðar til kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Á meðal þess er áskilnaður um skýra kröfugerð, sbr. gr. 6.2 d). Í því felst að kröfugerð þarf m.a. að vera svo skýr að hægt sé að fella á hana efnisúrskurð og sá úrskurður geti bundið þá aðila sem kæra beinist að.

Í fyrsta kröfulið í kröfugerð kæranda er þess krafist að „unnið eftir réttum reglugerðum KSÍ um knattspyrnumót og verkferlar við úrskurð á þáttökuneitun Kórdrengja sé afgreidd með viðeigandi hætti en ekki með geðþóttaákvörðun stjórnar á einum stjórnarfundum tiltekinn laugardag 17. febrúar sl.“.

Verður að telja að umræddur kröfuliður sé svo óskýr og óljós að ekki sé hægt er fella efnisúrskurð hvað hann varðar. Yrði það enda með öllu óljóst til hvaða niðurstöðu það leiddi í raun, þ.m.t. fyrir kæranda og kærða, ef á hann yrði fallist.

Í öðrum kröfulið er gerð krafa um „i) Að KV fái réttmætan möguleika á sæti í Lengjudeild karla tímabilið 2023 með vísan í reglugerð 23.1.12. C“.

Umræddur kröfuliður er sama marki brenndur og sá fyrsti að hann er það óskýr og óljós að ekki er hægt að fella á hann efnisúrskurð. Í kröfuliðnum er ekki gerð skýr krafa um að kærandi fá sæti í Lengjudeild karla tímabilið 2023 heldur er eingöngu gerð krafa að kærandi fái réttmætan möguleika á slíku sæti. Verður ekki séð með hvaða hætti slík kröfugerð, ef á hana yrði fallist, myndi binda aðila málsins.

Málatilbúnaður kæranda, til stuðnings fyrstu tveimur kröfuliðum, snýr að því að kæranda beri að taka sæti Kórdrengja í Lengjudeild karla sumarið 2023, í stað Ægis, með vísan til gr. 23.1.12 c. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Snýr málatilbúnaður kæranda því að miklum hagsmunum Ægis enda myndi efnisúrskurður, sem fæli í sér niðurstöðu um að veita kæranda sæti í Lengjudeild karla á kostnað Ægis, fela í sér íþyngjandi og bindandi niðurstöðu gagnvart því félagi. Hefði kæranda því verið rétt að beina kæru sinni jafnframt að Ægi sem og öðrum félögum sem eiga að hagsmuna að gæta ef fallist yrði á kröfur kæranda, sbr. m.a. dómur áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 3/2020. Með tilliti til þeirra hagsmuna sem eru undir fyrir viðkomandi félög, og þá sérstaklega Ægi, verður ekki talið nægjanlegt að Ægi og öðrum félögum hafi gefist kostur á koma á framfæri sjónarmiðum sínum á grundvelli gr. 6.4 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál, enda félögin ekki aðilar málsins og hefðu því ekki kost á að áfrýja úrskurði er kynni að hafa mjög neikvæð áhrif á hagsmuni þeirra.

Þriðju kröfuliður kæranda er varðar skaðabætur á hendur KSÍ vegna tekjutaps er með öllu órökstuddur, án fjárhæðar og er svo vanreifaður að ekki verður felldur á hann efnisúrskurður. Þá verður ekki séð hvernig þriðji kröfuliður kæranda samrýmist fyrsta og öðrum kröfulið hans.

Með vísan til alls framangreinds og að virtum framangreindum ákvæðum í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og eins og málatilbúnaði kæranda er háttað í kæru verður ekki komist hjá því að vísa málinu í heild frá aga- og úrskurðarnefnd.

VII.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]